



Fundargerð

Fundur í fjallskilanevnd Reykhólahrepps
Þriðjudaginn 28. ágúst 2012, kl. 13:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason, Hafliði Ólafsson, Kristján Þór Ebbenzersson, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Lausagöngubann í Múlahreppi.

Einar Hafliðason ræddi um samþykkt hreppsnefndar um bann við lausagöngu búfjár í Múlahreppi, gengt ráðgefandi tillögu nefndarinnar. Einar lagði fram eftirfarandi bréf. Vegna afgreiðslu hreppsnefndar þann 16. 8. 2012 er varðar lausagöngu búfjár í Múlahreppi hinum forna segi ég mig hér með úr fjallskilanevnd og óska eftir því að sinna ekki störfum fyrir Reykhólahrepp er varða fjallskil svo sem leitarstjórn. Einar þakkaði nefndarmönnum samstarfið, yfirgaf fundinn og við stjórn fundarins tók varaformaður nefndarinnar Hafliði Ólafsson.

Fjallskilanevnd lagði í kjölfarið fram eftirfarandi bókun; Vegna afgreiðslu hreppsnefndar þann 18. ágúst 2012 er varðar lausafjargöngu búfjár í Múlahreppi hinum forna segjum við okkur úr undirritaðri fjallskilanevnd Reykhólahrepps og óskum eftir að sinna ekki störfum við fjallskil fyrir hreppinn. Hafliði Ólafsson, Kristján Þór Ebbenzersson, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson.

2. Fjallskilaseðill

Þar nefndin hefur sagt sig frá störfum, er málinu frestað.

Fundargerð lesin, fundi slitið 14. 25.

